

Fundur Ráðgjafaráðs Hafnarfjarðar  
4.apríl 2019  
Kl.15.30 - 16.30

Skerseyri  
Strandgötu

Mætt eru: Elísabet, Bergur, Þórarinn, Jena, Elín Ýr ritari fundarins  
Fyrir hönd Fjölskyldusviðs: Sóley Jónsdóttir

Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Bergur Þorri les upp úr minnisblaði um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Garðabæ frá Bergþóru Bergsdóttur.

Ýmsir þættir miðað við ferðapjónustuna í Garðabæ sem benda til þess að jákvætt sé Hafnarfjarðarbær sé að taka yfir þjónustuna en ekki er víst að sú útfærsla muni skila rekstrarhagkvæmni til sveitarfélaga.

Þjónustan þarf að vera einstaklingsmiðuð og ganga þannig út frá þeim samningum og lögum sem eru til staðar um þjónustu fyrir fatlað fólk. Fræðsla er mikilvæg að eigi sér stað handa bílstjórum sem munu aka fyrir akstursþjónustuna.

Farið yfir þá þætti sem eru annars vegar á ferðapjónustusamning við Blindrafélagið og hins vegar fyrir ferðapjónustuna fyrir fatlað fólk.

Varðandi öryggismyndavélarnar að þá var ráðið sammála um það þeir þyrftu að vera sem öryggistæki.

Lagt hefur verið til að þjónustan muni heita Sérhæfð akstursþjónusta í Hafnarfirði. Rætt var um hvort þörf væri á að þörf væri á að heitið væri sérhæfð.

Ráðgjafaráð er sammála um það að ekki eigi að hafa þá takmörkun á að einstaklingur sem sé með ökutækjastyrk frá Tryggingastofnun ríkisins geti ekki notað sér akstursþjónustuna. Samkvæmt 20.gr. Varðandi ferlimál einstaklinga í Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks þá „að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur og gegn viðráðanlegu gjaldi,.. Einstaklingar sem eru með ökutækjastyrk frá TR geti af mismunandi ástæðum ekki nýtt sér ökutækið sitt, t.d. Þar sem ökutækið sé í viðgerð eða einstaklingur treysti sér ekki til þess að keyra t.d. Vegna færðar. Ráðgjafaráð vill því koma því á framfæri að það ákvæði verði ekki á að einstaklingur geti ferðast þegar þau geta ekki nýtt sér ökutækið sitt.

Næsti fundur verður þann 2.maí kl.15.30 - 16.30

